

Heiðvirða umhverfisnefnd.

Hér fylgir umsögn um Frumvarp til laga um veðurbjónustu.

Virðingarfyllst Björn Erlingsson

Um 1. gr. og 13. gr.

Það er ljóst að um ókomna framtíð munu umhverfisbreytingar hafa samfélagsleg og efnahagsleg áhrif í íslensku samfélagi. Stjórnvöld þurfa að eiga aðgang að einum aðila eða fagráði sem fjalli um, skilgreini 'nauðsynleg' markmið um ávinning af veðurbjónustustarfsemi á Íslandi út frá

- a) hagrænum sem og þjóðhagslegum forsendum
- b) breyttum veðurfars- og samfélagslegum forsendum og
- c) vísindalegum- og tæknilegum forsendum

Hér mætti etv. marka hlutverk fyrir Vísinda- og tækniráð, sem er vel við hæfi. En hér er algerlega opið hvaða skilning menn leggja í orðið 'nauðsynlegar'. Þetta atriðið þarf dýpri umfjöllun en reglugerð, - en 13. gr. gæti gengið frá þessu atriði ef efnistöð reglugerðar væru tilgreind þar sem ofangreint 'umhverfi' laganna er síbreytilegt.

Um 12. gr. og 5. gr.

Mikilvægt er að gagnabirtingar stefna opinna/grunn gangna fylgi greiningu Veðurstofunnar í starfssvið (grunnsvið og þjónustusvið). Auk þess þarf að tilgreina gagnabirtinga- og þjónustuskyldur sem eiga við um gögn sem samræmd hafa verið í grunnkerfum annara opinberra stofnana samkvæmt 5. gr. Lögin þyrftu að taka á þessu með ótvíræðum hætti. Huga mætti að síðustu setningu 12 gr. og láta etv. sérþjónustusvið Veðurstofunnar hafa með hendi starfsemi sem fjölþjóðasamningar fjalla um, en grunþjónustusviðið fjalli um þá skuldbindingar vegna alþjóðasamninga. Þarna er verulegur greinamunur á, en til eru fjölþjóðasamningar um veðurbjónustu sem hafa sérþjónustuleg viðmið og markmið og starfsemin getur ekki orðið hluti af starfsemi þar sem opin gagnabirtingarstefna og alþjóðaskuldbindingar vegna grunþjónustu eiga við.

Um 12. gr. og 10. gr.

Í 12 gr. vantar að skilgreina afhendingarskyldu á öðrum opnum gögnum 'public domain' sem alþjóðasamfélaginu er tryggður aðgangur að samkvæmt alþjóðasáttmálum.

Afhendingarskylda opinna alþjóðlegra grunngagna með sömum viðmiðum og hér kemur fram gagnvart opnum grunngögnum af innlendum toga er til mikils hagræðis fyrir:

- a) þá aðila, einstaklinga, fyrirtækja eða fjölmíðla sem þurfa ýtarlegri upplýsingar
- b) fyrirtæki sem þurfa á sérnum gögnum að halda, svo sem orkuíðnaður
- c) eða fyrirtæki sem sérhæfa sig í veðurbjónustu á innlendum og erlendum vetvangi.

Mikill ávinningur væri fyrir aðra starfsemi á þessu sviði í landinu og ef jafnræði á að gilda þarf að taka á þessum hluta hér til að jafnræðisákvæði 10. gr. virki í raun.

Um 6. gr. og 13. gr.

Ég vil þó vekja athygli á að það vantar beina lýsingu á markmiðum almennra veðurspá eða

hvar er að finna (6 gr. b) 'eins og þær eru skilgreindar á hverjum tíma fyrir Ísland og umhverfi þess'. Hér koma til atriði sem varða samfélagslegan ávinning umfram öryggishagsmuni sem takmarkast við eigna- og manntjón. Hér er átt við almenn markmið um tækni-, þjónustu og þekkingarstig fyrir:

- a) almenning í daglegu amstri,
 - b) fyrir atvinnuvegi, landbúnað, útveg og ferðaþjónustu/samgöngur og
 - c) fyrir fyrirtæki sem starfa við að veita veðurþjónustu, innlendis sem erlendis.
- Það þarf að ganga þannig frá því í lögnum að það sé skýrt hvaðan þessi skilgreining er tekin, af ráðherra, af fagraði eða af Vísinda- og tækniráði. Þetta er of mikilvægt atriði til þess að viðunandi sé að þetta sé óljóst. Þetta mætti laga með því að fella skýrskotun til almennings, atvinnuvegi og fyrirtæki (í ofangreindu samhengi) inn í e.-liðinn og gæti Genfaryfirlýsingin leiðbeint um þau atriði sem vert væri að tilgreina sérstaklega og vísa í 13. gr. um nauðsynleg lágmarksefnistöð og inntak reglugerðar ráðherra.

Keren ehf, Bakkastadir 43, IS-112 Reykjavik, Iceland
www.theyr.net, Tel. +354-5341957, bjorne@theyr.net